



MANNVIT

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Tilvísun: 2120503-000-HLE-0004

08.04.2022

## Varðandi: Umsögn Hafrannsóknarstofnunar um Íslandsþara

Vísað er til tölvupósts Skipulagsstofnunar frá 06.04.2022 þar sem framsend var umsögn Hafrannsóknarstofnunar vegna fyrirspurnar um matsskyldu á landvinnslu Íslandsþara.

### **Athugasemd Hafrannsóknarstofnunar:**

*Í tilkynningunni kemur fram að gert er ráð fyrir að sýran og lúturinn sem notuð verða muni hlutleysa hvort annað í framleiðsluferlinu en jafnframt að pH í frárennsli verksmiðjunnar geti verið á bilinu 6-10. Mikilvægar upplýsingar vantar í tilkynninguna eins og t.d. hver styrkur efna verður í frárennsli, magn þess og hvernig fráveitukerfi verður hannað. Fram hefði þurft að koma hvort frárennslið verður leitt í fráveitukerfi bæjarfélagsins eða hvort það yrði leitt út sérstaklega fyrir þessa starfsemi. Þá hefði þurft að gera grein fyrir vöktun á frárennslinu væri það leitt út í viðtakann án þess að það blandaðist fráveitu bæjarfélagsins.*

*Umsagnaraðilar geta ekki metið möguleg umhverfisáhrif sé skortur á grundvallarupplýsingum eins og þessum. Því telur Hafrannsóknarstofnun sig ekki geta tekið upplýsta afstöðu til þess hvort þessi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki.*

### **Viðbrögð Íslandsþara.**

Gert er ráð fyrir að magn frárennslis verði á bilinu 8 til 11 lítrar á sekúndu. Stór hluti þess er vegna skolunar á afurðum og búnaði eins og við vinnslu á öðru sjávarfangi. Í vinnslunni verða notuð uppleystur sóði (natríum karbonat  $\text{Na}_2\text{CO}_3$ ) og saltsýra í vatni (HCl). Þessi efni eru viðurkennd til nota í matvæla- og lyfjaiðnaði. Áætlað er að styrkur salts í frárennsli vegna efnanotkunar verði um 1/7 til 1/6 af seltu sjávar. Til viðbótar við það skolast salt (NaCl og KCl) úr þaranum ásamt steinefnum og sykrum. Frárennsliskerfi verður hannað þannig að basíski straumurinn og súri straumurinn verða leiddir í hlutleysingartank þannig að þeir hlutleysi hvor annan. Saltlausn frá hlutleysingartanki fer svo í jöfnunartank þar sem hún blandast skolvatni og öðru frárennsli frá vinnslunni. Í því er meðal annars frárennsli frá bleikingu á afurðum, en til þess er notað vetnisperoxíð ( $\text{H}_2\text{O}_2$ ) í vatnslausn. Ef óskað er eftir mikið bleiktum afurðum gæti þurft að nota natríum klórfít. Við bleikingu skolast út næringarefni og lífrænt efni. Styrkur næringarefna, lífræns efnis og svifagna í frárennsli er í samræmi við kröfur í reglugerð um fráveitur og skólþ, eins og tilgreint er í Töflu 4 í greinargerð Íslandsþara. Fyrir aftan jöfnunartank verður sýnatökubrunnur þannig að hægt er að vakta frárennsli frá vinnslunni til að tryggja að lágmark efna/afurða séu að tapast frá vinnslunni. Miðað er við að frárennsli verði tengt fráveitu sveitarfélagsins, en hönnun á því liggur ekki fyrir.

Gert er ráð fyrir að heitu vatni verði skilað aftur til hitaveitunnar þar sem aðeins verður nýtt hæsta hitastig vatnsins. Hitaveitan mun svo nýta vatnið áfram á hefðbundinn hátt. Rennsli á heitu vatni er um tvöfalt frárennslíð.

Þess er vænst að ofangreindar upplýsingar nægi til þess að Hafrannsóknastofnun geti tekið upplýsta afstöðu til þess hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Sé frekari upplýsinga þörf mun Íslandsþari verða við þeirri beiðni sem kann að berast.

Virðingarfyllt,  
f.h. Íslandsþara

Þór Tómasson  
Efnaverkfræðingur



MANNVIT

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Tilvísun: 2120503-000-HLE-0003

08.04.2022

## Varðandi: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Íslandspara

Vísað er til tölvupósts Skipulagsstofnunar frá 06.04.2022 þar sem framsend var umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna fyrirspurnar um matskyldu á landvinnslu Íslandspara.

Meirihluti umsagnar snýr að leyfi til þaratöku í sjó.

Vegna þess vill Íslandsþari ítreka að Íslandsþari ehf. hefur fengið heimild Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis til söfnunar á stórpara (*Laminaria hyperborea*) til rannsókna og uppskeru fyrir Norðurlandi á tímabilinu 1. janúar 2022 til 21. desember 2027 þó aldrei meira en 2% af staðfestum lífmassa á hverju svæði, og vinnur áfram að þessu verkefni í samræmi við það leyfi.

Náttúrufræðistofnun segir síðan:

*Möguleg umhverfisáhrif af vinnslunni, hvort sem hún yrði á Húsavík eða Dalvík, á lífríki og náttúru eru einkum vegna frárennslis. Miðað er við að styrkur saltlausnar sem myndast í vinnsluferlinu verði innan leyfilegra marka og eigi ekki að hafa áhrif á magn salts í sjó eða á lífríki. Önnur mengunarhætta er lítil. Minniháttar búsvæðarask yrði vegna landfyllingar á Dalvík, en landfyllingar hafa þegar verið byggðar á Húsavík.*

*Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að umhverfisáhrif vegna uppbyggingar vinnsluhúsnæðis og vinnslu á paraafurðum á Húsavík eða Dalvík verði minniháttar og að ekki sé þörf á að sú framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum.*

Viðbrögð Íslandspara.

Styrkur saltlausnar sem myndast í vinnsluferlinu verður lægri en er í sjó. Áætlað er að styrkur salts í framrennsli vegna efnanotkunar verði um 1/7 til 1/6 af seltu sjávar. Til viðbótar við það skolast salt (NaCl og KCl) úr þaranum ásamt steinefnum og sykrum.

Íslandsþari h.f. getur því staðfest að magn salts í frárennsli mun ekki hafa áhrif á magn salts í sjó eða á lífríki.

Virðingarfyllst,  
f.h. Íslandspara  
Þór Tómasson  
Efnaverkfræðingur.



**MANNVIT**

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Tilvísun: 2120503-000-HLE-0005

08.04.2022

## **Varðandi: Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vegna Íslandspara**

Vísað er til tölvupósts Skipulagsstofnunar frá 06.04.2022 þar sem framsend var umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna fyrirspurnar um matsskyldu á landvinnslu Íslandspara.

### **Athugasemd Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra:**

*Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn Íslandspara og er þeirrar skoðunar að fyrirhuguð áform kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat, m.a. vegna stærð bygginga og fjölbætts vinnsluferils þar sem um er að ræða talsverða efnanotkun.*

### **Viðbrögð Íslandspara**

Áætluð stærð bygginga Íslandspara er 4000 – 6000 m<sup>2</sup>. Vegna þessa vill Íslandspari benda á að þessi stærð á byggingum fyrirfinnst nú þegar á hafnar- og athafnasvæðum bæði norðanlands og sunnan. Byggt yrði á þegar röskuðu landi á skilgreindu hafnar- og athafnasvæði. Íslandspari telur því að umfang byggingar eitt og sér kalli ekki á umhverfismat.

Vinnsluferillinn er í nokkrum skrefum, en þau eru flest frekar einföld. Það eru vélræn skref, skera, flokka, mala og þurrka. Og svo eru nokkur skolonarskref, skola með sóða í vatnslausn (natríum karbonat Na<sub>2</sub>CO<sub>3</sub>), sía, hlutleysa með sýru í vatnslausn (saltsýra HCl), sía og bleikja með vetnisperoxíði í vatnslausn (H<sub>2</sub>O<sub>2</sub>). Þessi efnanotkun er einföld þó svo að um sé að ræða hundruð tonn af hverju efni. Kosturinn er að eingöngu myndast natríum klóríð í vatnslausn í frárennslinu.

Gert er ráð fyrir magn frárennslis verði á bilinu 8 til 11 lítrar á sekúndu. Stór hluti þess er vegna skolunar á afurðum og búnaði eins og við vinnslu á öðru sjávarfangi. Sódinn, sýran og vetnisperoxíð eru viðurkennd til nota í matvæla- og lyfjaiðnaði. Áætlað er að styrkur salts í frárennslu vegna efnanotkunar verði um 1/7 til 1/6 af seltu sjávar. Til viðbótar við það skolast salt (NaCl og KCl) úr þaranum ásamt steinefnum og sykrum. Frárennsliskerfi verður hannað þannig að basíski straumurinn og súri straumurinn verða leiddir í hlutleysingartank þannig að þeir hlutleysi hvor annan. Saltlausn frá hlutleysingartanki fer svo í jöfnunartank þar sem hún blandast skolvatni og öðru frárennslu frá vinnslunni. Í því er meðal annars frárennslu frá bleikingu á afurðum, en til þess er notað vetnisperoxíð (H<sub>2</sub>O<sub>2</sub>) í vatnslausn. Ef óskað er eftir mikið bleiktum afurðum gæti þurft að nota natríum klórít. Við bleikingu skolast út næringarefni og lífrænt efni. Styrkur næringarefna, lífræns efnis og svifagna í frárennslu er í samræmi við kröfur í reglugerð um fráveitur og skólþ, eins og tilgreint er í Töflu 4 í greinargerð Íslandspara. Fyrir aftan jöfnunartank verður sýnatökubrunnur þannig að hægt er að vakta frárennslu frá vinnslunni til að tryggja að lágmark efna/afurða séu að tapast frá vinnslunni. Miðað er við að frárennslu verði tengt fráveitu sveitarfélagsins, en hönnun á því liggur ekki fyrir.

Gert er ráð fyrir að heitu vatni verði skilað aftur til hitaveitunnar þar sem aðeins verður nýtt hæsta hitastig vatnsins. Hitaveita mun svo nýta vatnið áfram á hefðbundinn hátt. Rennslu á heitu vatni er um tvöfalt frárennslu.

**Athugasemd Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra:**

Að mati Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er fyrirhuguð starfsemi háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar, m.a. vegna hráefnisöflunar (náttúruverndarsjónarmið) og framleiðslu hjálparefna í lyfjaiðnaði.

**Viðbrögð Íslandsþara**

Íslandsþari bendir á að hráefnisöflunin er ekki leyfisskyld hjá Umhverfisstofnun eða Heilbrigðiseftirliti þar sem Íslandsþari ehf. hefur nú þegar fengið heimild Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis til söfnunar á stórþara (*Laminaria hyperborea*) til rannsókna og uppskeru fyrir Norðurlandi á tímabilinu 1. janúar 2022 til 21. desember 2027 þó aldrei meira en 2% af staðfestum lífmassa á hverju svæði, og vinnur áfram að þessu verkefni í samræmi við það leyfi.

Framleiðslan fyrstu árin er mest megnis á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað, en síðar er stefnt á framleiðslu fyrir lyfjaiðnað einnig. Þess vegna miðaði Íslandsþari við að starfsemin falli undir X. Viðauka í reglugerð nr. 550/2018, liður 3.8. Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað, en starfsemi í X. Viðauki er leyfisskyld hjá viðkomandi heilbrigðiseftirliti.

**Athugasemd Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra:**

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra leggur áherslu á mikilvægi þess að móta ítarleg viðmið vegna frárennslis og mögulegrar lyktar- og hávaðamengunar.

**Viðbrögð Íslandsþara**

Íslandsþari getur tekið undir þetta sjónarmið. Styrkur næringarefna, lífræns efnis og svifagna í frárennslis mun verða í samræmi við kröfur í reglugerð um fráveitur og skólp, eins og tilgreint er í Töflu 4 í greinargerð Íslandsþara.

Eins og við vinnslu alls sjávarfangs er lykilatriði að unnið sé jafnóðum úr fersku kældu hráefni og tryggt sé að fyllsta hreinlætis sé gætt við alla vinnslu á afurðum til nota í matvælaiðnaði og enn frekar lyfjaiðnaði. Sem hluti af gæðakerfi Íslandsþara er gert ráð fyrir að setja upp vöktun á lykt á vinnustaðnum og í umhverfinu til að lágmarka hættu á vandamálum vegna lyktar. Slíkt verður unnið eins og við á í samræmi við breskar leiðbeiningar um stjórnun og vöktun á lyktarmengun.

Vinnsla flokkast sem léttur iðnaður og er þannig sambærileg við vinnslu á fiski og sjávarafurðum. Öll vinnsla verður innanhúss þannig að hávaði við vinnsluna verður í lágmarki og innan marka fyrir atvinnuhúsnæði. Vegna flutninga til og frá starfseminni verður hávaði og umstang vegna þess, en af þeim sökum m.a. er starfsemin staðsett á athafnasvæði/hafnarsvæði, þar sem gert er ráð fyrir slíkri starfsemi. Miðað er við að hljóðstig frá verði vel innan allra marka í reglugerðar 724/2008, um hávaða á athafnasvæði og í nærliggjandi íbúabyggð.

**Niðurstaða**

Miðað við ofangreindar upplýsingar telur Íslandsþari að fullt ferli mats á umhverfisáhrifum á landvinnslu Íslandsþara muni ekki skila neinum viðbótar upplýsingum eða gögnum um landvinnsluna og að framkvæmdin eigi því ekki að vera matsskyld.

Virðingarfyllst,  
f.h. Íslandsþara

Þór Tómasson  
Efnaverkfræðingur



MANNVIT

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Tilvísun: 2120503-000-HLE-0006

20.04.2022

## Varðandi: Viðbrögð við umsögn Matvælastofnunar vegna matsskyldufyrirspurnar Íslandspara

Vísað er til tölvupósts Skipulagsstofnunar frá 19.04.2022 þar sem framsend var umsögn Matvælastofnunar vegna fyrirspurnar um matsskyldu á landvinnslu Íslandspara.

### Athugasemd Matvælastofnunar:

„Matvælastofnun hefur ekki forsendur með hliðsjón af umhverfismálum að veita umsögn um fyrirhugaða framleiðslu alginata og þaramjöls úr stórpara. Hér verður þó vakin athygli á innihaldi stórpara (Laminara hyperborea) hvað varðar ólífrænt arsen, cadmium og jóð. Einnig eru upplýsingar um leyfi sem slík starfsemi þarf vegna matvæla- áburðar og fóðurframleiðslu.

Norska hafrannsóknastofnunin gaf út skýrslu 2020 um innihald ólífræns arsens, cadmium og jóð í stórpara með tilliti til öryggis matvæla og fóðurs. <https://www.hi.no/templates/reporteditor/report-pdf?id=34442&52331607>

Í Laminara hyperborea er innihald Cadmium skv. skýrslunni 0.82 mg /kg þurrefnis og ólífræns arsens 0.03-0.04 mg /kg þurrefnis og er það mun lægra en í öðrum tegundum stórpara.

Skv. skýrslunni er innihald jóðs mun hærra í Laminara hyperborea en í öðrum tegundum stórpara en það er 4100 mg/ kg þurrefnis. Laminara digitata er eina tegundin sem inniheldur meira jóð eða 5100 mg/kg.

Ráðlagður dagskammtur fyrir fólk af jóði er 150 µg og hámarksdagskammtur er 600 µg.

Matvælastofnun er ekki kunnugt um hvort innihald cadmium, arsens og jóðs í þessari tegund hér sé sambærilegt og annars staðar.“

### Viðbrögð Íslandspara.

Samkvæmt upplýsingum Íslandspara getur náttúrulegur styrkur snefilefna eins og arsens og kadmíum í stórpara verið breytilegur eftir svæðum vegna mismunandi aðstæðna á hverjum stað. Jóð, sem er einkum að finna í blöðum stórpara og á hýðinu á stilknum, er breytilegt eftir árstíma og hitastigi. Vegna þess verður jóð ekki vandamál í algínötum og sellulósa. Einnig mun eitthvað af snefilefnum og jóði skolast úr algínötum með sýrumeðhöndlun þegar verið er að fella út algínötin. Einnig skolast snefilefni út við bleikingu. Jóð verður hins vegar í afurðum úr blöðum og stilkum.

Við uppbyggingu á vinnslunni er nauðsynlegt að rannsaka vel innihald snefilefna á hverju svæði og hvernig styrkur jóðs breytist eftir árstíma. Einnig verður byggt upp gæðakerfi í samræmi við kröfur um

matvæla- og lyfjaeftirlit. Því er meðal annars gert ráð fyrir háskólamenntuðu starfsfólki til að sinna rannsóknum á hráefnunum og afurðum, samanber kafla 4.2.1 í greinargerð Íslandsþara. Þó er miðað við að snefilefni eins og arsen og kadmíum verði greind annars staðar, en joð verður greint á rannsóknarstofu Íslandsþara. Þannig er stefnt að því að hægt sé að vinna afurðir sem uppfylla kröfur allra eftirlitsaðila um innihald joðs og snefilefna.

**Athugasemd Matvælastofnunar:**

*„Matvælastofnun bendir jafnframt á að söfnun eða ræktun þangs/þara telst vera frumframleiðsla matjurta í skilningi matvælalaga nr. 93/1995. Sú starfsemi er því tilkynningaskyld til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Ef starfseminni fylgir vinnsla á þara og / eða pökkun í neytendaumbúðir er sú starfsemi starfsleyfis skyld hjá heilbrigðisnefnd.“*

*Ef ætlunin er að vinna áburð úr þara sem safnað er er nauðsynlegt að sækja um skráningu til vinnslunnar sem áburðarfyrirtæki til Matvælastofnunar og jafnframt sækja um skráningu áburðarins samkvæmt lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994.*

*Ef nýta á þaramjöl og annað slíkt sem fóður og setja á markað þarf að sækja um skráningu vinnslunnar sem fóðurfyrirtæki til Matvælastofnunar sem heldur skrá yfir fóðurfyrirtæki samkvæmt lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994. Gæta þarf af óæskilegum efnum í fóðrinu, en arsen hefur mælst yfir leyfðum mörkum í þaramjöli sem unnið er úr Laminara digitata.“*

**Viðbrögð Íslandsþara.**

Í greinargerð Íslandsþara er í kafla 1.2 vísað til þess að sækja þarf um starfsleyfi til Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra sbr. reglugerð nr. 550/2018. Þar er réttmæt ábending hjá Matvælastofnun að þar hefði einnig átt að vísa í matvælalög nr. 93/1995, þar sem tilkynning/starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd þarf einnig að taka til matvælalaga.

Einnig hefði átt að vísa til skráningar samkvæmt lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994 þar sem hluti afurðanna getur verið nýttur sem fóður eða áburður.

Byggt verður upp gæðakerfi í samræmi við kröfur um fóður-, matvæla- og lyfjaeftirlit til að tryggja gæði afurðanna.

Virðingarfyllt,  
f.h. Íslandsþara

Þór Tómasson  
Efnaverkfræðingur



MANNVIT

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Tilvísun: 2120503-000-HLE-0007

20.04.2022

## Varðandi: Viðbrögð við umsögn Dalvíkurbyggðar um matsskyldufyrirspurn Íslandspara

Vísað er til tölvupósts Skipulagsstofnunar frá 19.04.2022 þar sem framsend var umsögn Dalvíkurbyggðar vegna fyrirspurnar um matsskyldu á landvinnslu Íslandspara. Hér á eftir eru viðbrögð Íslandspara við nokkrum atriðum í umsögn Dalvíkurbyggðar.

### **Athugasemd Dalvíkurbyggðar:**

*Um er að ræða hafnsækna starfsemi og er nauðsynleg staðsetning nærri hafnamannvirkjum. Á Dalvík er til umfjöllunar ný landfylling L2 við Sandskeið á samþykktu deiliskipulagi hafnarinnar.*

*Dalvíkurbyggð bendir á að staðsetning norðan nýja fiskvinnsluhúss Samherja við Austurgarð væri líka ákjósanlegur kostur vegna eðlis starfseminnar. Þar er nú þegar athafnasvæði hafnsækinnar starfsemi og lengra í alla íbúabyggð. Þá er hæð hússins sambærileg fiskvinnsluhúss Samherja og myndi ekki stinga í stúf í því umhverfi.*

### **Viðbrögð Íslandspara**

Íslandspari tekur undir það að staðsetning norðan við hús Samherja gæti verið ákjósanlegur kostur. Hins vegar er þar ekki pláss fyrir 10.000 fermetra lóð nema að landfyllingin yrði stækkuð til norðurs.

Breyting á Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 fyrir svæði 103-H var samþykkt í ágúst 2016. Þar var hafnarsvæði 103-H stækkað til austurs m.a. til að stuðla að nýsköpun sem byggist á hugviti og hátækni í sjávarútvegi og fullvinnslu sjávarafurða og öðrum þjónustugreinum. Á hafnarsvæði 103-H er gert ráð fyrir 10.8 ha og 13.3 ha landfyllingum fyrir hafnsækna starfsemi. Landfylling 13.3 ha norðan megin á reit 103-H, stækkun til austurs, myndi rýma vel stærðarparfir fyrir lóð og fyrirhugað vinnsluhúsnæði fyrir vinnslu á stórpara. Þörf verður á að leggja fram tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir svæðið sem myndi þá gera ráð fyrir þörfum fyrir fyrirhugað vinnsluhúsnæði Íslandspara ehf. fyrir vinnslu á stórpara.

Byggð á athafnarsvæði reit 101-1 takmarkar sýn á norðurhluta reitar 103-H en líklegt er að eina sýn inn á svæðið yrði frá Sjávarbraut þar sem talið er að núverandi byggingar við Sjávarbraut takmarki sýn á svæðið frá íbúðarhúsnæði við Karlsbraut og aðliggjandi svæði. Núverandi húsnæði innan hafnarsvæðis við Ránarbraut og Sjávarbraut verði fyrir einhverjum sjónrænum áhrifum en staðsetning fyrirhugaðs vinnsluhúsnæðis á reit 103-H er talið hafa óveruleg áhrif þar sem um atvinnuhúsnæði er að ræða og fyrirhugað er að reisa vinnsluhúsnæði sem væri sambærilegt og er nú þegar á svæðinu. Því mun staðsetning fyrirhugaðs vinnsluhúsnæðis á reit 103-H hafa óveruleg áhrif á ásýnd eða sjónlínu aðliggjandi byggðar.



**Athugasemd Dalvíkurbyggðar:**

„Sú starfsemi sem fer fram í vinnsluhúsnæðinu er metin hafa lítil áhrif á hljóðvist þar sem vinnsluhúsnæðið takmarkar það hljóð sem berst frá vinnslunni og sökum staðsetningar vinnsluhúsnæðis á athafna- eða hafnarsvæði og ekki nærri íbúabyggð.“ Dalvíkurbyggð óskar eftir nánari upplýsingum um mælingar á mögulegum hávaða frá starfseminni, þ.e. desibil utan veggja verksmiðjunnar. Einnig hvornig hönnun hússins hefur áhrif á hljóðvistina þar sem nálægð íbúabyggðar er 70 metrar þar sem styst er í nærliggjandi hús.

**Viðbrögð Íslandsþara**

Varðandi staðsetningu fyrirhugaðs vinnsluhúsnæðis á reit L2 er gert ráð fyrir að starfsemin sé skilgreind sem léttur iðnaður þar sem hugað verði sérstaklega að hljóðvist. Ekki liggur fyrir nákvæm hönnun vinnsluhúsnæðis með uppröðun vinnsluhluta og sértæks búnaðar innan vinnsluhúsnæðis og útfærsla kennisniðs veggja og endanlegur frágangur. Miðað við þekktar forsendur tækjabúnaðar, vinnslupátta og hefðbundinn frágang miðað við byggingarreglugerð má gera ráð fyrir því að hljóðvist frá fyrirhugaðri vinnslu stórþara á reit L2 muni ekki hafa áhrif á hljóðvist á svæðinu.

Íslandsþari gerir ráð fyrir því að mæla hljóðstig frá starfseminni, sem hluti af reglulegu eftirliti.

**Athugasemd Dalvíkurbyggðar:**

Starfsemin er skilgreind sem græn starfsemi. Fullnýting á hráefni. Það sem fellur til í fráveitu er vatn og sölt sem hefur lítil sem engin áhrif á umhverfi. Stutt er í fráveitu frá framleiðsluhúsi, Suðurstöð. Sama á við um staðsetningu við Austurgarð, Norðurstöð. Í skýrslunni er gerð nægjanleg grein fyrir umhverfi og umhverfisáhrifum. Fram kemur að ávallt verði um vinnslu úr ferskum þara að ræða. Ástæða er til að árétta að skilyrði verði sett um að fari hráefni yfir ákveðinn aldur/dagafjölda frá slætti sé það ekki sett í þurrkun og því fargað. Þetta er til að tryggja að lykt frá starfseminni trufli ekki nálæga starfsemi/íbúabyggð.

**Viðbrögð Íslandsþara**

Íslandsþari mun byggja upp gæðakerfi í samræmi við laga- og reglugerðakröfur um fóður-, matvæla- og lyfjaeftirlit til að tryggja gæði afurðanna. Hluti af því kerfi verður að tryggja að unnið verður strax úr fersku hráefni yfir í afurðir eða lyktarlitlar milliafurðir. Ekki verði safnað hráefni nema að tryggt sé að hægt sé að vinnu úr því jafnóðum. Því ætti ekki að koma til þess að farga þurfi hráefni og þar af leiðandi ætti lykt ekki að truflla nálæga starfsemi/íbúabyggð.

Virðingarfyllt,

f.h. Íslandsþara

Þór Tómasson

Efnaverkfræðingur